

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra vegna efnistökusvæðis E122 við Ferjufit.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 7. júlí 2026 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra sem samþykkt var í sveitarstjórn 15. apríl 2026.

Í breytingunni felst að heimildir fyrir efnistökusvæðið Ferjufit (E122) eru auknar. Efnistökusvæðið stækkar úr 0,5 ha í 4 ha og heimilað efnismagn eykst úr 10.000 m³ í 120.000 m³, auk þess að heimilað er að afsetja allt að 80.000 m³ af efni innan svæðis vegna framkvæmda við Vaðöldu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 7. júlí 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 21. júlí 2026